

Lagt fram í velferðarráði 19. júní 2019

Tillögur Samráðshóp um forvarnir um styrkveitingar Forvarnasjóðs Reykjavíkur 2019

Alls bárust 19 umsóknir um styrki til verkefna þvert á hverfi. Forvarnasjóðurinn hefur til ráðstöfunar 5.430.000 kr. vegna verkefna þvert á hverfi, heildarupphæð þeirra verkefna sem sótt var um styrki til eru 26.353.500 kr. Gerð er tillaga um styrkveitingar til 10 verkefna.

Í Samráðshópi um forvarnir sitja fulltrúar frá sviðum borgarinnar. Frá velferðasviði situr framkvæmdastjóri þjónustumiðstöðvar Grafarvogs og Kjalarness sem leiðir hópinn, deildarstjóri almennrar ráðgjafar á skrifstofu velferðasviðs og verkefnastjóri frá þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness sem er starfsmaður hópsins. Frá skóla- og frístundasviði kemur verkefnastjóri á frístundahluta fagskrifstofu og skólastjóri Hólabrekkuskóla. Fulltrúi íþróttá- og tómsundasviðs er framkvæmdastjóri Hins Hússins. Fulltrúi umhverfis- og skipulagssviðs er skólastjóri vinnuskólans.

Samráðshópurinn mat umsóknir og vann tillögur að úthlutun með hliðsjón af reglum þar að lútandi og gildandi Forvarnastefnu Reykjavíkurborgar 2014 – 2019 með þeim áherslum sem þar eru settar fram. Helstu áherslupættir í Forvarnastefnunni eru; samfélag án ofbeldis, virkni og þátttaka, æska án vímuefna, sjálfsvirðing og virðing fyrir öðrum.

Verkefni: Viðja - uppeldisfærni (nr. 1)

Umsækjandi: Berglind B Sveinbjörnsdóttir

Tengiliður/ábyrgðarmaður: Berglind B Sveinbjörnsdóttir

Samstarfsaðili: Helga Theadórá Jónasdóttir

Markmið: Að efla með aðgengilegum og einföldum hætti uppeldishæfni ummönnunaraðila barna.

Almennt um verkefnið: Gerð fræðsluefnis fyrir foreldra og fagfólk um gagnreynda uppeldishætti til að efla jákvætt hegðunarmynstur og fyrirbyggja erfiða hegðun barna. Fræðsluefnið verður aðgengilegt öllum á vefsíðu og mun samanstanda af einföldum verkfærum tengdum uppeldi. Jafnframt verður boðið upp á fræðslufundi fyrir foreldra

Sótt er um: 2.000.000 kr.

Tillaga að upphæð: 700.000 kr.

Umsögn: Samþykkt þar sem umsókn uppfyllir skilyrði 2. greinar um forvarnir í þágu barna og unglinga og mætir markmiðum Forvarnastefnu Reykjavíkurborgar.

Verkefni: Allsgáð æska – Samstarfshópur um valdeflingu foreldra í forvörnum

(nr. 2)

Umsækjandi: Bindindissamtökin IOGT

Tengiliður/ábyrgðarmaður: Aðalsteinn Gunnarsson

Samstarfsaðili: Vímulaus Æska og Olnbogabörn

Markmið: Að valdefla foreldra í forvörnum með ýmissi fræðslu, skýrum skilaboðum og örva samstarf heimilis og skóla til að efla lýðheilsu markmið.

Almennt um verkefnið: Áætlað er að halda árlega stóran þjóðfund foreldra, þar sem unnið verður í vinnuhópum sem koma með hugmyndir að verkefnum og lausnum. Jafnframt verða mánaðarlegir fræðslufundir til að valdefla foreldra í forvörnum. Fundunum veður streymt og þeir túlkaðir.

Sótt er um: 500.000,- kr.

Tillaga að upphæð: 500.000,- kr.

Umsögn: Samþykkt þar sem umsókn uppfyllir skilyrði 2. greinar um forvarnir í þágu barna og unglunga, eflingu félagsauðs í hverfum borgarinnar og mætir markmiðum Forvarnastefnu Reykjavíkurborgar.

Verkefni: *Ofbeldishringurinn* (nr. 3)

Umsækjandi: Berglind Baldursdóttir

Tengiliður/ábyrgðarmaður: Berglind Baldursdóttir

Samstarfsaðili: Enginn

Markmið: Að fólk læri að ofbeldishringurinn er þekkt hringrás svo þolendur sjái strax hættumerkin og geti brugðist við áður en það er of seint, auk þess að vera hvatning til aðstandenda um mikilvægi inngrips.

Almennt um verkefnið: Að hanna og prenta skýringamynd/plakat um ofbeldishringinn og dreifa. Síðar er ætlunin að koma upp heimasíðu (ekki sótt um fyrir því).

Sótt er um: 250.000 kr.

Tillaga að upphæð: 150.000 kr.

Umsögn: Samþykkt þar sem umsókn uppfyllir skilyrði 2. greinar um forvarnir í þágu barna og unglunga og mætir markmiðum Forvarnastefnu Reykjavíkurborgar.

Verkefni: *Verndarar barna* (nr.4)

Umsækjandi: Blátt áfram, forvarnarverkefni

Tengiliður/ábyrgðarmaður: Sigríður Björnsdóttir

Samstarfsaðili: Forsvarsmenn hverfamiðstöðva

Markmið: Markmiðið er að flétta saman á heilstæðan hátt fræðslu um forvarnir gegn kynferðisofbeldi og auka þekkingu og þor þeirra sem fá fræðsluna í þeim megintilgangi að vernda börn. Vernd barna gegn ofbeldi og þá sérstaklega kynferðisofbeldi bætir andlega líðan barna.

Almennt um verkefnið: Heilstæð fræðsla til starfsfólks, ungmenna og foreldra barna í leik- og grunnskólum Reykjavíkur auk starfsfólks félagsmiðstöðva varaðandi kynferðisofbeldi gagnvart börnum.

Sótt er um: 4.012.500 kr.

Tillaga að upphæð: 880.000 kr.

Umsögn: Samþykkt þar sem umsókn uppfyllir skilyrði 2. greinar um forvarnir í þágu barna og unglunga, eflingu félagsauðs í hverfum borgarinnar, bætir lýðheilsu og mætir markmiðum Forvarnastefnu Reykjavíkurborgar.

Verkefni: *Menningarlæsi og fjölmennning á Íslandi* (nr. 5)

Umsækjandi: Charlotta Rós Sigmundsdóttir

Tengiliður/ábyrgðarmaður: Charlotta Rós Sigmundsdóttir

Samstarfsaðili: Reykjavík Bókmenntaborg Unesco

Markmið: Að efla menningarlæsi og draga úr fordómum. Það getur hjálpað þeim sem hafa eða eru að ganga í gegnum svipaða reynslu. Vísað er í verkefnið „Á morgun er aldrei nýr dagur“ sem er sambæri lagt verkefni nema að þá var markhópurinn fátæk og jaðarsett ungmenni í norrænu samfélagi.

Almennt um verkefnið: Ritsmiðja fyrir 18-28 ára sem eru af erlendum uppruna, innflytjendur, flóttamenn eða hælisleitendur.

Sótt er um: 500.000 kr.

Tillaga að upphæð: 0 kr.

Umsögn: Synjað, fellur ekki að Forvarnastefnu Reykjavíkurborgar, beinist hvorki að börnum né foreldrum.

Verkefni: *Ferðafélag fólks með geðraskanir* (nr. 6)

Umsækjandi: Ferðafélagið Víðsýn

Tengiliður/ábyrgðarmaður: Ferðafélagið Víðsýn

Samstarfsaðili: Enginn

Markmið: Að draga úr félagslegri og fjárhagslegri einangrun með því að hvetja til virkni ábyrgðar og andlegrar endurhæfingar,

Almennt um verkefnið: Veita þeim sem eru með andlegar og félagslegar hamlanir tækifæri til að ferðast og draga þannig úr félagslegri einangrun.

Sótt er um: 450.000 kr.

Tillaga að upphæð: 0 kr.

Umsögn: Synjað, fellur ekki að Forvarnastefnu Reykjavíkurborgar, beinist hvorki að börnum né foreldrum.

Verkefni: *Heima Alein* (nr. 7)

Umsækjandi: Æskan Barnahreyfing IOGT á Íslandi

Tengiliður/ábyrgðarmaður: Aðalsteinn Gunnarsson

Samstarfsaðili: Núll prósent

Markmið: Að efla sjálfsmynd og styrk hjá börnum til að takast á við það sem lífið býður upp á. Koma inn góðum gildum, hugsa um samfélagið og umhverfið til að bæta lífskjör okkar til framtíðar.

Almennt um verkefnið: Sjálfstýrkjandi og valdeflandi verkefni fyrir börn og unglina sem gerir þau fær til að vera þau sjálf og standa við sínar heilbrigðu ákvarðanir.

Sótt er um: 2.500.000 kr.

Tillaga að upphæð: 0 kr.

Umsögn: Synjað, ekki nægilega vel unnin umsókn, óljóst hver er markhópurinn, hvar og hvernig á að nálgast börnin.

Verkefni: *Sanngjarn leikur – Fair play* (nr. 8)

Umsækjandi: Æskan Barnahreyfing IOGT á Íslandi

Tengiliður/ábyrgðarmaður: Aðalsteinn Gunnarsson

Samstarfsaðili: SAFF

Markmið: Að vekja áhuga almennings á heilbrigðum og vímulusum lífsstíl en æ fleira ungt fólk hefur hafnað neyslu og vill vera laut undan þrýstingi þeirra sem vilja selja vímuefni.

Almennt um verkefnið: Vitundavakning um þörf forvarna í íþróttum og öllu samfélaginu.

Verkefnið snýr að því að stunda íþróttir í vímulusu umhverfi sem er laus við þrýsting áfengisíðnaðarins.

Sótt er um: 2.530.000 kr.

Tillaga að upphæð: 0 kr.

Umsögn: Synjað, ekki nægilega vel unnin umsókn. Vantar aðgerðaráætlun. Ekki nægilega ljóst hvað á að gera.

Verkefni: FUNI – stafrænar vímuvarnir APP (nr. 9)

Umsækjandi: FUNI – félag um forvarnir

Tengiliður/ábyrgðarmaður: Guðni Ragnar Björnsson

Samstarfsaðilar: Nýsköpunarmiðstöð Íslands

Markmið: Færa þekkingu um skaðsemi fíkniefna nær almenningi. efla frumkvæði og þátttöku ungs fólks við gerð fræðslu- og markaðsefnis.

Almennt um verkefnið: Hópur unglunga í grunn- og framhaldsskólum vinnur í samstarfi við sérfræðinga og fagfólk að uppsetningu fræðsluefnis um skaðsemi ávana- og fíkniefna, tóbaks, áfengis og rafsígarettar.

Sótt er um: 1.000.000 kr.

Tillaga að upphæð: 200.000 kr.

Umsögn: Samþykkt þar sem umsókn uppfyllir skilyrði 2. greinar um forvarnir í þágu barna og unglunga og bættu lýðheilsu.

Verkefni: Heildrænt lífstílssinngrip fyrir ungmenni (nr. 10)

Umsækjandi: Þorbjörg Rún Eysteinsdóttir

Tengiliður/ábyrgðarmaður: Þorbjörg Rún Eysteinsdóttir

Samstarfsaðili: Enginn

Markmið: Að bregðast við þeim skorti sem er á lífsstílsfræðslu fyrir unglunga og veita forvörn gegn vaxandi geðheilsu- og ofþyngdarvanda þjóðarinnar.

Almennt um verkefnið: Þróun kennsluefnis á heildrænu lífstílsinngripi fyrir unglunga á Íslandi á aldrinum 16-26 ára sem forvörn gegn lífsstílstengdum sjúkdómum með sérstaka áherslu á geðheilbrigði og svefn.

Sótt er um: 960.000 kr.

Tillaga að upphæð: 0 kr.

Umsögn: Synjað, ekki nægilega vel unnin umsókn, vantar aðgerðaáætlun.

Verkefni: FALSLAUST Fake-free (nr. 11)

Umsækjandi: Núll prósent hreyfingin

Tengiliður/ábyrgðarmaður: Aðalsteinn Gunnarsson

Samstarfsaðili: Samfés

Markmið: Að fræða og upplýsa ungt fólk um misvísandi skilaboð um vímuefnaneyslu svo þau verði undir það búin að taka sjálfstæða ákvörðun um sinn eigin lífsstíl.

Almennt um verkefnið: Að valdefla unglinga til að taka ákvörðun um lífsstíl til framtíðar með jafningafræðslu. Brjóta niður mýtur og lygi sem haldið er á lofti um vímuefnaneyslu.

Sótt er um: 900.000 kr.

Tillaga að upphæð: 0 kr.

Umsögn: Synjað, ekki nægilega vel unnin umsókn, óljós aðgerðaáætlun, óraunhæf kostnaðaráætlun.

Verkefni: *Verum vakandi* (nr. 12)

Umsækjandi: Heimili og skóli-landssamtök foreldra

Tengiliður/ábyrgðarmaður: Bryndís Jónsdóttir

Samstarfsaðili: Rannsóknir og greining

Markmið: Að fræða foreldra nemenda í efstu bekkjum grunnskóla og framhaldsskólum (undir 18) og skólafólk um árangursríkt forvarnastarf og hvetja þessa aðila til þess að sýna samstöðu um uppeldisleg gildi og verndandi þætti í uppeldi barna og ungmenna.

Almennt um verkefnið: Fræðslufundur um mikilvægi foreldra í forvörnum og samstarfs þeirra sem koma að umönnun barna og ungmenna. Rannsóknir Rannsóknar og greiningar á líðan og vímuefnaneyslu barna og ungmenna eru kynntar. Einnig er rætt um jákvæða og örugga netnotkun og farið yfir helstu hættuverki varðandi tölvu- og samfélagsmiðlanotkun.

Sótt er um: 1.120.000 kr.

Tillaga að upphæð: 800.000 kr.

Umsögn: Samþykkt þar sem umsókn uppfyllir skilyrði 2. greinar um forvarnir í þágu barna og unglinga, eflingu félagsauðs í hverfum borgarinnar, bætir lýðheilsu og stuðlar að markvissu samstarfi íbúa, félagsstæðna og fyrirtækja í þágu forvarna og félagsauðs.

Verkefni: *Krakkar með krökkum* (nr. 13)

Umsækjandi: Heimili og skóli-landssamtök foreldra

Tengiliður/ábyrgðarmaður: Hrefna Sigurjónsdóttir

Samstarfsaðili: Vanda Sigurgeirsdóttir

Markmið: Að breyta skólamenningunni þannig að einelti þrífist ekki. Verkefnið verður unnið í breiðu samstarfi skóla, foreldra og félagsmiðstöðva og ætti því að hafa víðtæk samfélagsleg áhrif til lengri tíma.

Almennt um verkefnið: Verkefnið felur í sér jafningjafræðslu og eins er ætlunin að hvetja krakka til að standa með öðrum krökkum í erfiðum aðstæðum.

Sótt er um: 2.000.000 kr.

Tillaga að upphæð: 500.000 kr.

Umsögn: Samþykkt þar sem umsókn uppfyllir skilyrði 2. greinar um forvarnir í þágu barna og unglinga, bætir lýðheilsu, stuðlar að markvissu samstarfi íbúa, félagsstæðna og fyrirtækja í þágu forvarna og félagsauðs og mætir markmiðum Forvarnastefnu Reykjavíkurborgar.

Verkefni: *SAFT fræðsla fyrir 6. bekk* (nr. 14)

Umsækjandi: Heimili og skóli-landssamtök foreldra

Tengiliður/ábyrgðarmaður: Guðberg Konráð Jónsson

Samstarfsaðili: Enginn

Markmið: Markmið að allir 6. bekkingar í Reykjavík fái netöryggisfræðslu á alla 6. bekki Reykjavíkur

Almennt um verkefnið: Netöryggisfræðsla fyrir nemendur í 6. bekk í Reykjavík

Sótt er um: 1.200.000 kr.

Tillaga að upphæð: 500.000 kr.

Umsögn: Samþykkt þar sem umsókn uppfyllir skilyrði 2. greinar um forvarnir í þágu barna og unglinga, bætir lýðheilsu og mætir markmiðum Forvarnastefnu Reykjavíkurborgar.

Hefur áður fengið styrk úr Forvarnasjóði, þetta verkefni hefur reynst vel og nú er mikil þörf fyrir verkefnið.

Verkefni: *Brjóstmyndasmiðja fjölskyldunnar í Listasafni Einars Jónssonar* (nr. 15)

Umsækjandi: Listasafn Einars Jónssonar

Tengiliður/ábyrgðarmaður: Hildur Arna Gunnarsdóttir

Samstarfsaðili: Enginn

Markmið: Að gefa börnum og fullorðnum tækifæri til að skapandi samveru og innsýn inn í fjölbreytta listsköpun og starf listamanna.

Almennt um verkefnið: Brjóstmyndasmiðja fyrir börn og fullorðna á Listasafni Einars Jónssonar undir leiðsögn listkennara. Einnig verður boðið upp á reglulegar fjölskylduleiðsagnir um safnið í tengslum við viðburðinn. Frír aðgangur fyrir fullorðna í fylgd með börnum þá tvo daga sem smiðjunnar standa yfir þann 18. maí á alþjóðlegum safnadegi og þann 24. ágúst á Menningarnótt.

Sótt er um: 600.000 kr.

Tillaga að upphæð: 0 kr.

Umsögn: Synjað, umsóknin á ekki heima í þessum sjóði.

Verkefni: *Inclusive volunteers* (nr. 16)

Umsækjandi: Rauði Krossinn í Reykjavík

Tengiliður/ábyrgðarmaður: Sigurbjörg Birgisdóttir

Samstarfsaðili: Enginn

Markmið: Markmiði er að brjóta niður múr samfélagsins og aðstoða innflytjendur víðsvegar að úr heiminum við að aðlagast samfélaginu með opinni sjálfböðaliðavinnu í nærumhverfinu. Þróa á ný verkefni og bæta eldri verkefni sem snúa að markhópnum.

Almennt um verkefnið: Verkefnið snýr að því að efla félagsauð innflytjenda

Sótt er um: 475.000 kr.

Tillaga að upphæð: 0 kr.

Umsögn: Synjað, fellur ekki að Forvarnastefnu Reykjavíkurborgar, beinist hvorki að börnum né foreldrum.

Verkefni: *Frú Ragnheiður – sértækar forvarnir með ungmennum 18-20 ára* (nr. 17)

Umsækjandi: Rauði Krossinn í Reykjavík

Tengiliður/ábyrgðarmaður: Svala Jóhannesdóttir

Samstarfsaðili: Enginn

Markmið: Að aðstoða ungmennin við að halda lífi og koma í veg fyrir óafturkræfan skaða. Með því að skima fyrir áhættu hegðum og fræða/leiðbeina um skaðaminnkandi leiðir varðandi vímuefnanotkun í æð (m.a. ofskömmtnar forvarnir, smitleiðir á HIV og Hep C, varnir í kynlífi, öruggari sprautunotkun).

Veita áhugahvetjandi samtal, bæði til að byggja upp traust til verkefnisins og til að draga fram áhugahvöt til hegðunarbreytinga. Valdefla ungmennin og auka stuðningsnet þeirra, með því að fræða og tengja þau við viðeigandi úrræði: m.a. neyðarathvörfin, mataraðstoð, hvar hægt sé að nálgast hreinan sprautubúnað og úrræði fyrir fólk með geðraskanir. Að ungmennin hafi virkt mál hjá félagsþjónustunni og að það sé í góðri vinnslu hjá félagsráðgjafa á þjónustumiðstöð. Það er gert með því að fara með einstaklingunum í fyrsta viðtalið hjá félagsráðgjafa og aðstoða þau með læknisvottorð varðandi fjárhagsaðstoðina. Ef einstaklingurinn er heimilislauð að sjá til þess að umsókn um félagslegt húsnæði/sértæka búsetu sé virk. Að auki aðstoða félagsráðgjafa við að leita að ungmenninu þegar þess er þörf varðandi vinnslu í málinu. Að aðstoða ungmennin við að komast út úr vímuefnavandanum, m.a. með því að aðstoða þau við að sækja um og komast í vímuefnaaðferðir og bjóða þeim upp á rými þar sem þau geta rætt opinskátt um sína vímuefnanotkun, liðan og sögu án þess að vera ýtt í ákveðna átt (áhugahvetjandi samtal). Að aðstoða ungmennin við að fá komast í innlögn á geðsvið Landspítalans sé um bráðafasa að ræða.

Almennt um verkefnið: Að ná til ungmenna á aldrinum 18-20 ára í Reykjavík sem nota vímuefni í æð og glíma við fjölþættan vanda. Veita þeim sértækar forvarnir í formi aukins stuðnings og þjónustu á vettvangi, tengja þau við heilbrigðis – og félagsleg úrræði, veita þeim skaðaminnkandi fræðslu og veita málum þeirra eftirfylgni í kerfinu.

Sótt er um: 956.000 kr.

Tillaga að upphæð: 400.000 kr.

Umsögn: Samþykkt þar sem umsókn uppfyllir skilyrði 2. greinar um forvarnir í þágu barna og unglunga, bætir lýðheilsu og mætir markmiðum Forvarnastefnu Reykjavíkurborgar.

Verkefni: *Tían – Fræðslunámskeið um íþróttir, tómstundir og ADHD* (nr. 18)

Umsækjandi: ADHD samtökin

Tengiliður/ábyrgðarmaður: Hrannar Björn Arnarsson

Samstarfsaðili: Enginn

Markmið: Að kenna réttar aðferðir og nálgun í starfi með einstaklingum með ADHD til að þeir nái að njóta sín í tómstundum og íþróttum og auka þannig lífsgæði þeirra. Því fordómar, kunnáttuleysi og röng nálgun gagnvart einstaklingum með ADHD takmarka mjög að þau börn nái að njóta sín til fulls í tómstundastarfinu.

Almennt um verkefnið: Námskeið og fræðsluefni um ADHD fyrir leiðbeinendur í tómstunda og íþróttastarfi.

Sótt er um: 3.000.000 kr.

Tillaga að upphæð: 800.000 kr.

Umsögn: Samþykkt þar sem umsókn uppfyllir skilyrði 2. greinar um forvarnir í þágu barna og unglunga, bætir lýðheilsu og stuðlar að markvissu samstarfi íbúa, félagssamtaka og fyrirtækja í þágu forvarna og félagsauðs.

Verkefni: *Stuðningur og valdefling ungs fólks á flóttu* (nr. 19)

Umsækjandi: Hildur Harðardóttir

Tengiliður/ábyrgðarmaður: Hildur Harðardóttir

Samstarfsaðili: Heiða Karen Sæbergsdóttir

Markmið: Að 18-25 ára flóttafólk öðlist sjálfbærni og fái innsýni inn í samfélagið, efla félagslega virkni og lýðheilsu.

Almennt um verkefnið: Vinnusmiðja fyrir flóttafólk 18-25 ára um ýmislegt nytsamlegt, s.s. setja saman eigið reiðhjól, vinnustofu í smiðjum, bílaviðgerðum, brauðbakstri, matreiðslu, myndbandagerð

Sótt er um: 1.400.000 kr.

Tillaga að upphæð: 0 kr.

Umsögn: Synjað, ekki nógu markvisst, fellur ekki að Forvarnastefnu Reykjavíkurborgar, beinist hvorki að börnum né foreldrum.